

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSRÁÐ

Ár 2023, miðvikudaginn 15. febrúar, kl. 09:10 var haldinn 258. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Hjálmar Sveinsson, Pawel Bartoszek og áheyrnarfulltrúinn Trausti Breiðfjörð Magnússon. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Björn Gíslason, Líf Magneudóttir, Marta Guðjónsdóttir og áheyrnarfulltrúinn Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Guðmundur Benedikt Friðriksson og Sigurjóna Guðnadóttir.

Fundarritari var Harri Ormarsson

Þetta gerðist:

1. Lögð fram eftirfarandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 26. janúar 2023: Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna breytinga á fyrirkomulagi gangstéttar og bílastæða við Brautarholt 16-20 í samræmi við hjálagða skýringarmynd og umboð til að vinna í kjölfarið forhönnun að endurhönnun götunnar í heild þar sem lögð er áhersla vistlegt yfirbragð götunnar þar sem eru góðar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og gróður. Greinargerð fylgir tillögunni. Einnig eru lögð fram grenndarkynntir aðaluppdrættir, dags. 29. apríl 2019, lóðauppdráttur, dags. 19. júlí 2019, breytingablað dags. 5. nóvember 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019. Samþykkt með fimm atkvæðum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði á móti tillögunni.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Verið er að ljúka framkvæmdum. Breyta þarf fyrirkomulagi á gangstéttum. En er hugsað út í hvar sólin skín þegar verið er að skipuleggja gangstéttir? Talað er um að bæta lýsingu. Alla jafna hlýtur að vera betra að hafa megin gangstéttir við norðurhlið götu. Þar skín sólin. En hér er verið að skipuleggja endurbætur á stétt við suðurhluta götunnar. Uppbyggingin er skuggamegin. Þetta þarf að skoða eitthvað betur að mati fulltrúa Flokks fólksins. Gera þarf einnig ráð fyrir bílastæðum. Annað væri óskynsamlegt og skilaboð um að aðeins ákveðinn hópur með ákveðinn lífsstíl er velkominn að búa á þessum reit.

Ingvar Jón Bates Gíslason, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
USK22120052

2. Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 9. febrúar 2023. USK23010150
3. Lögð fram umsagnarbeiðni svæðisskipulagsnefndar Suðrhálendis, dags. 13. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu á vinnslustigi að svæðisskipulagi Suðrhálendis 2022-2042. Einnig eru lögð fram drög að greinargerð, dags. 15. desember 2022 og umhverfismatsskýrsla, dags. 15. desember 2022. USK23010197

Umhverfis- og skipulagsráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Við fögnum því sérstaklega að í svæðisskipulagi Suðurlandis eru markmið um og byggja upp hjólaleiðir og aðstöðu fyrir hjólaþólk á áningarstöðum á svæðinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Málið snýst um hvers vegna fámenn sveitarfélög geta verið með altækt skipulagsvald yfir stórum hluta hálendisins. Þjóðgarður lítur hins vegar stjórn sem er tengd Alþingi og þar með allri þjóðinni. Heimamenn hafa sérhagsmuni oft að leiðarljósi og gæta ekki að heildarhagsmunum. Mörg dæmi eru um það á þessu svæði. Þótt núverandi ríkisstjórn geti ekki komið sér saman um að stofna hálendisþjóðgarð getur vel verið að sú næsta geti gert það. Það er svo sem ágætt að til standi að leggja klæðningu á Kjalveg og Sprengisandsleið. Þannig opnast hálendið fyrir fólk, sem ekki á sérútbúna bíla. Þannig verður ekki þessi stéttaskipting sem gerir það að verkum að aðeins þeir sem eiga jeppa geta skoðað hálendið og meiri möguleikar opnast fyrir almenning til að skoða þessar náttúruperlur. Brýr yfir ár á hálendinu myndu draga úr vatnsmengun og slyshættu. Hins vegar má leiða líkur að því að umferð túrista um hálendið muni aukast til muna, verði hálendisleiðirnar með klæðningu. Það vantar umfjöllun í þessa áætlun um bætt aðgengi hreyfihamlaðra að ferðamannastöðum. Allt of algengt er að hreyfihamlaðir geti ekki heimsótt náttúruperlur vegna þess að aðgengi er slæmt og oft þarf ekki að gera miklar breytingar til að opna svæðin fyrir hreyfihömluðum.

4. Lögð fram umsókn Skurnar ehf., dags. 23. janúar 2023, um breytingu á deiliskipulagi Vallár á Kjalarnesi. Í breytingunni sem lögð er til felst að fjölga stæðum fyrir fugla í húsunum í samræmi við kröfur um aðbúnað alifugla, samkvæmt uppdr. TAG teiknistofu ehf. dags. 23. janúar 2023. Einnig lagt fram bréf hönnuðar, dags. 23. janúar 2023. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.
 - Kl. 9:30 vikur Marta Guðjónsdóttir af fundi.
 - Kl. 9:30 tekur Friðjón R. Friðjónsson sæti á fundinum.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. Vísað til borgarráðs.

Þórður Már Sigfússon verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23010259

5. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dags. 7. febrúar 2023. USK22120096
6. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 28. desember 2022, ásamt kæru nr. 149/2022, dags. 27. desember 2022, þar sem sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar um uppsetningu bifreiðastæðis fyrir hreyfihamlaða í Bryggjuhverfi. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 8. febrúar 2023. USK22123024
7. Lagt fram afgreiðslubríf, dags. 8. febrúar 2023, um samþykkt borgarstjórnar á 5. lið fundargerðar borgarráðs frá 2. febrúar 2023, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar USK22120092
8. Lagt fram afgreiðslubríf, dags. 2. febrúar 2023, um samþykkt borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka, Klettasvæðis, vegna lóðanna nr. 6, 8 og 10 við Skarfagarða. SN220719

9. Lagt fram afgreiðslubríf, dags. 2. febrúar 2023, um samþykkt borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu. SN220460
10. Lögð fram að nýju tillaga og greinargerð áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um bætt útsýni í Reykjavík fyrir borgarbúa, sbr. 33. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. desember 2023. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu aðalskipulags og loftslagsmála, dags. 3. febrúar 2023. USK22120004

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tekið er undir það að útsýni er einn af þáttum sem skipta máli við byggðaskipulag og að mistök hafa verið gerð þegar ekki var hugað nægilega að þessum þætti. Vissulega er hér um einstaklingsbundna upplifun að ræða. Mörgum finnst útsýni út á sjó mikilvægt og missi fólk það útsýni vegna skyggingar frá nýbyggingu sem það taldi að ekki myndu rísa eru það mikil vonbrigði og gengisfelling á eign þeirra. Útsýni til sólar er einnig mikilvægt. Að sjá lengra en yfir í næsta hús er eitthvað sem flestum þykir dýrmætt. Það er þessi yfirsýn sem veitir fólki gjarnan tilfinningu um frelsi. Margir sem eru innikróaðir af byggingum upplifa innilokunarkennd og að þrengrt sé of mikið að þeim. Að hafa vegg fyrir augum sínum í hvert sinn sem litið er út er skiljanlega lýjandi. Ekki allir eiga þess kost að skipta um íverustað.

11. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sanddreifingu, sbr. 20. liður fundargerðar borgarráðs, dags. 26. janúar 2023, þar sem fyrirspurninni var vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins. Einnig er lagt fram svar skrifstofu borgarlandsins, dags. 6. febrúar 2023. MSS23010255

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Sanddreifing er alla jafna verri kostur en salt dreifing, þar sem sandurinn situr eftir að vori og veldur þá skaða á stígum og næsta umhverfi þeirra. Sandinn þarf að því að fjarlægja að vori ef vel á að vera og það er kostnaðarsöm aðgerð.

12. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um salt dreifingu, sbr. 21. liður fundargerðar borgarráðs, dags. 26. janúar 2023, þar sem fyrirspurninni var vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins. Einnig er lagt fram svar skrifstofu borgarlandsins, dags. 6. febrúar 2023. MSS23010256

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ekki ætti að spara að dreifa salti þar sem afrennsli af stígum og götum kemst í fráveitulagnir sem ætlaðar eru fyrir slíkt afrennsli. Best er að salta þar sem er afrennsli en stundum þarf að gera það líka þar sem gras er nærri, þótt salt brenni vissulega gróður.

13. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um götuþrif, sbr. 22. liður fundargerðar borgarráðs, dags. 26. janúar 2023, þar sem fyrirspurninni var vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins. Einnig er lagt fram svar skrifstofu borgarlandsins, dags. 2. febrúar 2023. MSS23010257

Áheyrnarfulltrúi flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Stefna ætti að því að þvo götur með vatni eins oft og unnt er eða þegar veðurfar leyfir. Sú lausn er alla jafna betri en að rykbinda með magnesíum klóríði og ef afkastamikill tækjabúnaður er til er það líka ódýrara.

14. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um umhverfissálfræði í skipulagsmálum borgarinnar, sbr. 34. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. desember 2022. Einnig er lagt fram svar skrifstofu aðalskipulags og loftslagsmála, dags. 3. febrúar 2023. USK22120014

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Spurt er með hvaða hætti er unnið eftir umhverfissálfræði þegar kemur að skipulagsmálum í Reykjavík? Hverjir sinna þeirri vinnu, ef hún er unnin og undir hvaða starfsheiti? Þetta er mjög góðar spurningar enda hafa rannsóknir á sviði m.a. sálfræði gegnt mikilvægu hlutverki í þróun fræða um skipulag og hönnun eins og fram kemur í svari. Það hefur því komið á óvart hversu lítið tillit er tekið til t.d. sálfræðilegra þátta í hönnun og skipulagi hverfa í borginni. Hér má nefna skuggavarp sem þétting byggðar getur valdið. Það hefur sýnt sig að þrengsl og skuggsýni dregur kraft og gleði úr fólki. Stundum er lokað fyrir útsýni þannig að helsta útsýni í mörgum hverfum er inn á gólf í næstu íbúð. Ekki er vitað til að neinn sérstakur umhverfissálfræðingur starfi hjá Reykjavíkurborg en umhverfissálfræði er einmitt vaxandi sérgrein innan sálfræðinnar. Þegar aðal markmiðið er að koma sem flestum á lítinn blett er hætta á að þættir eins og áhrif umhverfis á andlega líðan verði settir út á kant.

15. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Fálkabakka, sbr. 28. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 25. janúar 2023. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. USK23010274

16. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort fylgst er með aksturslagi strætóbílstjóra, sbr. 27. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 1. febrúar 2023. Vísað til umsagnar Strætó bs. USK23020013

17. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um meðhöndlun kvartana hjá Strætó bs., sbr. 31. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 25. janúar 2023. Vísað til umsagnar Strætó bs. USK23010273

18. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Flokkur fólksins leggur til að gerð verði úttekt á götulýsingu við gangbrautir. Gera þarf nákvæma úttekt á hvar þarf að gera betrubætur strax og hvernig yrði síðan forgangsröðun á lagfæringum með það að markmiði að gera götulýsingar við gangbrautir fullnægjandi. Dæmi eru um að gangbrautir sjáist illa vegna slæmrar lýsingar við þær. USK23020172

Frestað.

19. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Ábendingar hafa borist um töf á sorphirðu í allt að 4-5 vikur. Flokkur fólksins hefur fengið all margar ábendinga að ekki hefur verið sorphirða við hús fólks og tafir séu jafnvel allt að 5 vikur og eru skýringar settar á veður/færð. Óskað er upplýsinga um hverju þetta sætir og hvort svo mikil töf á sorphirðu sé réttlætanleg jafnvel þótt illa ári? USK23020173

20. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins óskar upplýsingar um hvenær SORPA telur að þeir muni hefja söfnun á heimilum með meiri flokkun vegna nýrra laga um aukna flokkun og hvenær þeir áætla að því verði lokið? Einnig hvenær nýjar tunnur komast í gagnið? Lögin tóku gildi 1 janúar 2023 og var það vitað með góðum fyrirvara. Enn bolar ekkert á tunnum frá SORPU og nú er komið fram í miðjan febrúar. Hvað veldur töf? Í ljósi tafa sem nú er orðin nokkur, hvenær er áætlað að innleiðingu verði lokið. Er reiknað með meira en árstöf? USK23020173

Fundi slitið kl. 9:35

Alexandra Briem

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Hjálmar Sveinsson
Líf Magneudóttir

Björn Gíslason
Friðjón R. Friðjónsson
Pawel Bartoszek

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Árið 2023, þriðjudaginn 7. febrúar kl. 10:30 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1197. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Nikulás Úlfar Másson, Harri Ormarsson, Sigrún Reynisdóttir, Vala Ragna Ingólfssdóttir og Vífill Björnsson. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Andrésbrunnur 14 - USK23010325 Sótt er um leyfi til að setja svalalokanir á allar íbúðir matshluta á lóð, hús nr. 12-18 á lóð nr. 12-18 við Andrésarbrunn. Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 30. nóvember 2022. Frestað. Vísað til athugasemda.
2. Álftamýri 79 - USK23010306 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058255, vegna lokaúttektar, þ.e. fallið er frá því að setja hjólastólalyftu á gang og síkka glugga Álftamýrarskóla, hús á lóð nr. 79 við Álftamýri. Frestað. Vísað til athugasemda.
3. Ármúli 7 - USK23010154 Sótt er um leyfi til niðurrifs á matshluta nr. 02, skemma á lóð nr. 7 við Ármúla. Stærð niðurrifs: 809,2 ferm., 3.719,1 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 10. janúar 2023 og teikning hönnuðar dags. 16. desember 2022. Erindi fylgir umboð eiganda dags. 27. janúar 2023, útgefið hæðar- og mæliblað og áætlun um meðhöndlun niðurrifsúrgangs mótt. 27. janúar 2023. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
4. Bergstaðastræti 13 - USK23010247 Sótt er um að breyta erindi, BN040897 vegna lokaúttektar, þannig að innra fyrirkomulag íbúðar á 2., 3. og 4. hæð er breytt, hæðarlega lóðar breytt og GK fyrstu hæðar í stigahúsi hækkaður skv. mælingum, fyllt upp í útgönguleið í stigahúsi, opnanleg fög í stigahúsi í stað reyklosunnar í þaki og EI30 gler eingöngu á 3.hæð á húsi á lóð nr. 13 við Bergstaðastræti. Frestað. Vísað til athugasemda.
5. Borgartún 41 - BN061778 Sótt er um leyfi til að byggja 3 til 6 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 115 íbúðum í sjö stigahúsum, einangruð og klædd að utan á bílakjallara sem er sameiginlegur með aðliggjandi lóðum á lóð nr. 41 við Borgartún. Erindi fylgir greinargerð um einangrun, greinargerð um aðgengi og greinargerð um öryggismál, greinargerð um hljóðvist frá Myrra dags.10. nóvember 2022 og brunahönnun frá Örug, dags. 17. nóvember 2022. Stærð, A-rými: 12.195,9 ferm., 39.729,9 rúmm. A-rými, svalir: 112,7 ferm. B-rými: 3.116,7 ferm. Samtals 15.692,3 ferm., 41.121,5 rúmm. Gjald kr. 13.200. Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
6. Egilsgata 3 - USK23010105 Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi húsnæðis og starfsemi úr læknastofum í gistiaðstöðu fyrir hælisleitendur, breyta inngangshurð og koma fyrir nýrri gasgeymslu í norðurhluta 1. hæðar á lóð nr.3 að Egilsgötu. Gjald kr. 14000.

Frestað.

Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

7. Eirhöfði 11 - BN061201 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 4 -7 hæða fjölbýlishús, fjögur stigahús með 75 íbúðum, mhl. 01 og 02, ásamt bílakjallara með 40 bílastæðum, og verður fyrri áfangi fjölbýlishúsa á lóð nr. 1 við Eirhöfða.
Erindi fylgir greinargerð aðalhönnuðar dags. 21. júní 2022, hljóðvistargreinargerð frá Myrru dags. 14. júní 2022 og varmatapsrammi dags. 21. júní 2022.
Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. janúar 2023.
Stærð, mhl. 01: 4.641,2 ferm., 13.847,4 rúmm.
Mhl. 02: 2.958,9 ferm., 9.062,8 rúmm.
Mhl. 03: 1.263,8 ferm., 3.374,3 rúmm.
Gjald kr. 12.600.
Frestað. Vísað til athugasemda.
8. Eldshöfði 1 - BN061817 Sótt er um stöðuleyfi fyrir tveimur 20 feta gámum, til geymslu borkjarna, staðsettir á bílastæði á lóð nr. 1 við Eldshöfða.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa dags. 12. desember 2022.
Gjald kr.13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
9. Fossaleyfir 1 - BN061782 Sótt er um leyfi til að breyta tegund skiltis úr flettiskilti í LED-skilti, við húsi á lóð nr. 1 við Fossaleyfi.
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. janúar 2023.
Gjald kr.13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. janúar 2023.
10. Friggjarbrunnur 24 - USK23010266 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN035304, vegna lokaúttekta matshluta nr. 01 og 02, þ.e. hús nr. 24, matshluti 01 verði klætt áklæðningu, hús nr. 24, matshluti 02 verði sléttmúraður og áklætt, svalahandrið 2. hæðar verði gler, á húsum á lóð nr. 24-26 við Friggjarbrunn.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 11. janúar 2023.
Frestað. Vísað til athugasemda.
11. Grandagarður 16 - USK23010305 Sótt er um leyfi til að breyta veitingastað á annarri hæð, þ.e. rekstur rýmis 01-0208 verði flokkur II, teg. a, fyrir 60 gesti í sal og sólskála og veggur í eldhúsi færður, jafnframt er notkunareiningum fjölgað í húsi á lóð nr. 16 við Grandagarð.
Erindi fylgir gildandi aðaluppdrættir erindis BN061211, séruppdrættir loftræsingar nr. L-30B og L-32B, dags. 24. janúar 2023, bréf hönnuðar dags. 25. janúar 2023 og samþykki skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna dags. 11. nóvember 2022.
Erindi fylgir afrit aðaluppdráttar erindis BN056320.
Gjald kr.13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
12. Hallveigarstígur 1 - USK23010136 Sótt er um leyfi til að innrétta kjallara, rými 01-0001, til gistirekstrar fyrir 140 gesti í svefnhykkjum, í sjö brunahólfum, aðalinnangangur um ramp á norðurhlíð inn í móttökusal gistirekstrar, í húsi á lóð nr. 1 við Hallveigarstíg.
Frestað. Vísað til athugasemda.
13. Hallveigarstígur 1 - BN060827 Sótt er um leyfi til að breyta notkun 3. hæðar úr skrifstofu í gististað án veitinga, í flokki II, teg. b., stærra gistiheimili, með níu herbergi fyrir 18 gesti

á 3. hæð sem er viðbót við þau fjögur herbergi sem fyrir eru á 4. hæðinni, samtals 13 herbergi í húsi á lóð nr. 1 við Hallveigarstíg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar erindis BN057663 og afgreiðslubréf skipulagsfulltrúa dags. 10. mars 2022.
Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Haukdælabraut 118 - BN061866 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053496 v/lokaúttektar þannig að staðsetningu á setlaug, brunamerkingu á útihurð úr bílgeymslu og lagnastokkum hefur verið breytt, ásamt aðkomutröppum á einbýlishúsi á lóð nr. 118 við Haukdælabraut.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. Hringbraut 50 - BN061844 Sótt er um leyfi til að byggja garðskála í suðurgarði sem tengist 1. hæð Grundar á lóð nr. 50 við Hringbraut.
Erindi fylgir varmatapsrammi dags. 27. nóvember 2022, bréf hönnuðar dags. 30. nóvember 2022, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022 og bréf frá Minjastofnun dags. 30. janúar 2022.
Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. janúar 2023 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2023.
Stækkun: 112 ferm., 367 rúmm.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. Höfðabakki 1 - USK23010064 Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, gera stigahús og anddyri að sameign, breyta notkun skrifstofurými 0101 í verslun og rýmum 0201 og 0202 í fjórar aðskildar skrifstofueiningar í skrifstofu- og þjónustuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 1 við Höfðabakka.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
17. Ingólfsstræti 21B - USK23010007 Sótt er um leyfi til að innrétta vinnustofu í kjallara, í matshluta nr. 01, í húsi nr. 21B á lóð nr. 21B við Ingólfsstræti.
Erindi fylgir skýringarmynd f. skráningartöflu dags. 1. desember 2022.
Erindi fylgir afrit virðingagjörðar dags. 2. janúar 1942 og bréf hönnuðar dags. 2. febrúar 2023.
Frestað. Vísað til athugasemda.
18. Kamsvegur 4 - USK23010039 Sótt er um leyfi til breytingar erindi BN057254, bílgeymsla í matshluta nr. 02, vegna lokaúttektar, við hús á lóð nr. 4 við Kamsveg.
Frestað. Vísað til athugasemda.
19. Kleifarvegur 12 - Breytingar kjallara - garðskáli 1.hæð - BN061567 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara, baðherbergi er endurnýjað og stækkað og garðskála er komið fyrir undir svölum 1. hæðar húss á lóð nr. 12 við Kleifarveg.

Stækkun: 31,7 ferm., 76,6 rúmm.

Erindi fylgir umboð eiganda íbúðar 01-0101 dags. 29. september 2022, samþykki í formi áritunar á smækkað afrit aðaluppdráttar dags. 29. september 2022, afrit fundargerðar húsfélags dags. 16. október 2022. og yfirlit breytinga unnið á afrit aðaluppdráttar erinda BN057778 og BN058529. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 18. október 2022. og bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022. Gjald kr. 13.200.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

20. Kornagarðar 1 - BN061727 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. hæðar og millipalls, matshluti nr. 01, í húsi á lóð nr. 1 við Kornagarða.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti útgefinna aðaluppdráttar erinda BN056501 og BN058458.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
21. Kringlan 7 - USK23010184 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 9. hæðar, rými 01-0901, þar á meðal eru sameiginleg svæði, fundarsalir og tæknirými, jafnframt er um endurbætur á snyrtingum og algildri hönnun rýma, í húsi á lóð nr. 7 við Kringluna.
Frestað. Vísað til athugasemda.
22. Krókháls 9 - USK23010238 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN045317, þ.e. stigi og lyfta fjarlægð, uppfærð brunahönnun auk breytinga á innra skipulagi í matshluta nr. 01, í húsi á lóð nr. 9 við Krókháls.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á aðaluppdráttum erinda BN045318, BN043725 og BN057064
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 18. janúar 2023.
Frestað. Vísað til athugasemda.
23. Lambhagavegur 7 - USK23010011 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055624, þ.e. komið fyrir sýnatökubás og brunamerkingu breytt, í húsi á lóð nr. 7 við Lambhagaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga erindis BN061239.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
24. Langholtsvegur 115 - BN060077 Sótt er um leyfi til að byggja yfir svalir fyrstu hæðar á vesturhlið húss á lóð nr. 115 við Langholtsveg.
Stækkun er: 11,7 ferm., 30,5 rúmm.
Erindi fylgir útgefið mæliblað dags. 23. september 2005.

Samþykki meðeigenda dags. 27. október 2021.

Gjald kr. 12.100.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

25. Laugavegur 35 - BN061781 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059397, þ.e. breytingar gerðar á innra skipulagi íbúða 0203, 0303, 0210, 0309 og 0409, gluggar lækkaðir, felld út eldvarnargler á annarri hæð á austurgafli, tæknirými og inntök færð, hjólageymsla minnkuð, verslunarrými 0206 stækkað og svalir þess felldar út, aukin lofthæð í hluta geymslna, brunahönnun uppfærð og lyftustokkur steypdur á þakhæð, í húsi á lóð nr. 35 við Laugaveg.
Stækkun: 8,5 ferm., 52,5 rúmm.
Breytingar - 0203, 0303, 0403, 0210, 0309, 0409,
Erindi fylgir brunahönnun frá Örugger dags. 12. desember 2022.
Með erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2023.
Stækkun: 8,5 ferm., 52,5 rúmm.
Stærð eftir br.: 2.809,8 ferm., 8.294,1 rúmm.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2023.
26. Laugavegur 157 - bygging fjögurra íbúða fjölbýlishús - BN061878 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, fjögurra íbúða fjölbýlishús á fjórum hæðum á lóð nr. 157 við Laugaveg.
Stærð, A-rými: 596,2 ferm., 1.926,8 rúmm.
B-rými: 11 ferm.
Samtals: 607,2 ferm.
Erindi fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 16. desember 2022.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Með vísan í bréf skipulagsfulltrúa dags. 16. desember 2022.
27. Laugavegur 159A - USK22122906 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, sem felast í stækkun, breytingar á innra skipulagi og útliti húss, jafnframt er sótt um að breyta eignarhaldi rýma innanhúss í húsi á lóð nr. 159A við Laugaveg.
Erindi fylgir samþykki eigenda á bréfi nágrannakynningar dags. 17. nóvember 2022 og yfirlýsing eigenda dags. 26. apríl 2016.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á útgefnum aðaluppdráttum samþykktir árið 1939 og 1969 og skýringarmyndir grunnmynda hönnuðar dags. 17. nóvember 2022.
Frestað. Vísað til athugasemda.
28. Lynghagi 20 - USK22122877 Sótt er um leyfi fyrir stakstæðri bílgeymslu á einni hæð með einhalla timburpaki, steinsteyptur útveggir á lóðarmörkum, aðrir eru léttbyggðir með standandi timbur klæðningu, matshluti nr. 02, við hús á lóð nr. 20 við Lynghaga.
Stærð: 56,0 ferm., 158,8 rúmm.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 3. desember 2022 og útgefið mæliblað 1.554.1.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á gildandi aðaluppdrætti samþ. þann 30. júlí 1953 og umsögn skipulagsfulltrúa erindis SN220668, dags. 24. nóvember 2022.
Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.
Vísað til uppdráttar nr. 10-01, dags. 26. janúar 2023.

29. Malarhöfði 6 - USK23010104 Sótt er um leyfi til þess að byggja einnar hæðar viðbyggingu meðfram suðurgafli og hluta austurhliðar vélar-og bílageymslu bækistöðvar Hjálparsveitar skáta í Reykjavík, mhl.01, og til þess að reisa útskýli, mhl.02, í suðvesturhorni lóðar nr. 6 við Malarhöfða.
Stækkun mhl.01: 289.2 ferm., xx.x rúmm
Stærð mhl.02: 118.9 ferm., 379.3 rúmm.
Erindi fylgir afrit af bréf frá hönnuði dags. 2. janúar 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á uppdrætti S10 dags. 9. mars 2022.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
30. Nökkvavogur 42 - BN061876 Sótt er um leyfi til þess að breyta glugga í hurð og gera svalir á suðausturhlið íbúðar 0101 með stiga niður í garð tvíbýlishúss á lóð nr. 42 við Nökkvavog.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa á teikningu Plús arkitekta og A3 afrit af eldri samþykktum aðalteikningum.
Með erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2023.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2023.
31. Rökkvatjörn 11 - USK23010220 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058902 þannig að innra skipulagi er breytt í endaraðhúsi nr. 11, mhl.04, á lóð nr. 5 við Rökkvatjörn.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
32. Selásbraut 109 - USK23010185 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. á eldhúsi, rýmum frístundar og heimilisfræði og aðstöðu húsvarðar, jafnframt er sótt um nýjar inngangsdýr á fjölnotarými að norðanverðu og lítilsháttar breytingum á innra skipulagi grunnskóla, matshlutar nr. 01, 02 og 04, í húsi á lóð nr. 109 við Selásbraut.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á aðaluppdrætti erindis BN060359.
Frestað. Vísað til athugasemda.
33. Skipholt 5 - BN061792 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059811, þ.e. svalir/flóttapallur íbúðar 0201 er minnkaður og flóttaleið færð og verði út um baðherbergi íbúðar, í húsi matshluta nr. 01, á lóð nr. 5 við Skipholt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti útgefna aðaluppdráttar erindis BN059811.
Erindi fylgir samþykki eigenda af húsfundi, dags. 30. janúar 2023.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

34. Suðurlandsbraut 34/Ár - BN061572 Sótt er um leyfi til byggingar á staðsteyptu fjölbýlishúsi, byggingin er sjö hæðir auk kjallara með 69 íbúðum, verslun og þjónustu á 1. hæð til norðurs, í norðurhorni lóðar, sorplausn íbúða í sjö djúpgámum norðvestan A reits orkureits, matshluti nr. 02, á lóð Suðurlandsbraut 34/Ár. Stærð mhl.02: 6.506,6 ferm., 20.222,5 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hjóðvistar dags. 3. október 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. nóvember 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2022.
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2023.
Umsókn um niðurrif er í erindi BN061409.
Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og skrifstofu umhverfisgæða.
35. Síðumúli 10 - BN061873 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060857 þannig að byggð er hæð ofaná mhl. 01 úr timbri klætt læstri málmklæðningu og innréttu skrifstofu og fundarherbergi, endurnýja lyftu, framlengja stigahús og byggja flóttastiga á suðvesturhlið húss á lóð nr. 10 við Síðumúla.
Stækkun: 281,8 ferm., 1.090,8 rúmm.
Mhl. 01 eftir stækkun: 865,6 ferm., 3.189,4 rúmm.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda Málinu vísað til skipulagsfulltrúar til umsagnar og/eða grenndarkynningar.
36. Sundlaugavegur 30 - BN061882 Sótt er um leyfi til þess að innréttu hárgreiðslustofu í kjallara heilsuræktarstöðvar í húsi nr. 30A, mhl.05, á lóð nr. 30 við Sundlaugarveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaltekningum stimpluðum 22. maí 2007 og 15. nóvember 2014.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
37. Tómasarhagi 32 - BN061473 Sótt er um leyfi til að gera stiga milli íbúða í kjallara og á 1. hæð og sameina í eina eign, færa sorp út á lóð og breyta eignaskiptum í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 32 við Tómasarhaga.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda dags. 6. júlí 2022.
Gjald kr. 12.600.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
38. Tryggvagata 23 -
USK23010221 Sótt er um leyfi til að skipta upp núverandi verslunarrými á jarðhæð, í rými 0110, í tvö verslunarrými, bætt er við flóttaleið fyrir stærra rými á norðurhlið húss, í matshluta nr.07, hús með staðfangið Tryggvagata 23, á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Frestað. Vísað til athugasemda.
39. Tunguvegur 24 – USK23020007 Sótt er um leyfi til að hækka ris og byggja kvisti, gera viðbyggingu við norðvesturhlið, lækka gólf kjallara og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 24 við Tunguveg.
Frestað. Erindi vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

40. Urðarstígur 4 - BN061755 Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu með steyptum kjallara, timbur milliplata, útveggir og þak, við suðurhlíð húss á lóð nr. 4 við Urðarstíg.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 13. apríl 2022, smækkað afrit deiliskipulagsbreytingar dags. 5. júlí 2022 og yfirlit breytinga unnið á afriti teikningu hönnuðar dags. 14. nóvember 2022.
Gjald kr.13.200.
Frestað. Erindi vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
41. Víðinesvegur 30 - USK23020033 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061640 þannig að texta um brunavarnir og flóttaleiðum er breytt í gististað í flokki II, teg. d, í húsi á lóð nr, 30 við Víðinesveg.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
42. Völvufell 7A - BN061514 Sótt er um leyfi til að gera nýja hurð á útvegg suðurhlíðar og hurð milli tveggja rýma í léttum millivegg, daggæslu fyrir 10 börn á aldrinum 3-36 mánaða, í húsi á lóð nr. 7A við Völvufell.
Erindi fylgir smækkað afrit deiliskipulagsuppráttar auglýstur í B-deild þann 22. janúar 2021 og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppráttar samþykktur þann 9. mars 1978.
Gjald kr.13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Ýmis mál.

43. Kjartansgata 9 (fsp) - USK22123003 Spurt er hvort leyfi fengist til þess að breyta í stúdíóíbúð, bílskúr, mhl.70, í eigu íbúðar 0101 í íbúðarhúsi á lóð nr. 9 við Kjartansgötu.
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. janúar 2023.
Afgreitt. Neikvætt samanber umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. janúar 2023.
44. Kvistaland 26 og 26A - 1.862.3 - USK22110135 Lóðaruppráttur.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
45. Orkureitur - Ármúli-Suðurlandsbraut - 1.265.2 - USK22122977 Lóðaruppráttur.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 13:35

Nikulás Úlfar Másson

Harri Ormarsson
Vala Ragna Ingólfssdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Sigrún Reynisdóttir
Vífill Björnsson